

Viska
fræðslu og símenntunar-
miðstöð Vestmannaeyja
Ársreikningur
2025

Viska
Ægisgötu 2
900 Vestmannaeyjum
kt. 630103-2230

Viska

fræðslu og símenntunar- miðstöð Vestmannaeyja

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------|------|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4-5 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-12 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Visku

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Visku fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Visku í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstöðumaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Visku

Ef við á, skulu stjórn og forstöðumaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Vestmannaeyjum 28. apríl 2026.

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Pétur Hansson
Endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Visku höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2025. Við höfum fengið þær skýringar sem óskar var eftir og sjáum ekki ástæðu til athugasemda og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Vestmannaeyjum 15. apríl 2026.

Ólafur Elísson

Arnar Sigurmundsson

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Visku fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins er að starfrækja fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum og tengd starfsemi.

Starfsemin á árinu

| | |
|---|-------------|
| Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam..... | 2.505.978 |
| Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu..... | 143.858.456 |
| Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam..... | 133.574.455 |
| Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam..... | 92,9% |
| Fjöldi ársverka á árinu nam..... | 2,2 |

Stofnfjáraðilar

Í lok ársins voru 16 stofnfjáraðilar í félaginu eins og í upphafi árs.

| | Hlutdeild | Hlutir |
|---|-----------|-----------|
| Vestmannaeyjabær | 19,4% | 300.000 |
| Tölvun ehf. | 12,9% | 200.000 |
| Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses..... | 9,7% | 150.000 |
| Landsbankinn hf. | 6,5% | 100.000 |
| Vinnslustöðin hf. | 6,5% | 100.000 |
| Ísfélag hf. | 6,5% | 100.000 |
| HSU | 6,5% | 100.000 |
| Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 6,5% | 100.000 |
| Eyjasýn ehf. | 3,2% | 50.000 |
| Skipalyftan ehf. | 3,2% | 50.000 |
| VR deild Vestmannaeyja | 3,2% | 50.000 |
| STAVEY..... | 3,2% | 50.000 |
| Drífandi, stéttafélag | 3,2% | 50.000 |
| Verkstjórafélag Vestmannaeyja | 3,2% | 50.000 |
| FIT | 3,2% | 50.000 |
| Háskólinn á Akureyri | 3,2% | 50.000 |
| Samtals..... | 100% | 1.550.000 |

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstöðumanns

Að álitum stjórnar og forstöðumanns Visku koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstöðumaður Visku staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Skýrsla stjórnar

Vestmannaeyjum 28. apríl 2026.

Í stjórn og varastjórn

Helga Björk Valgerðar Björnsdóttir
stjórnarformaður

Lilja Björg Arngrímsdóttir

Arnar Hjaltalín

Thelma Gísladóttir

Sólrún Gunnarsdóttir

Unnur Sigmarsdóttir

Guðmundur Jóhann Árnason

Davíð Guðmundsson

Forstöðumaður

Minna Agústsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|--|-------|------------------|------------------|
| Rekstrartekjur | | 73.422.379 | 66.490.773 |
| Aðrar tekjur | | 8.646.303 | 7.532.473 |
| Kostnaður vegna námskeiðahalds | | (19.606.835) | (15.450.079) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (34.954.601) | (29.811.740) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (9.380.303) | (9.791.860) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (17.546.777) | (15.492.793) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (1.442.613) | (1.442.613) |
| (Rekstrartap), rekstrarhagnaður | | (862.447) | 2.034.161 |
| Fjármunatekjur | | 3.368.425 | 3.506.696 |
| Fjármagnsgjöld | | 0 | (4.065) |
| | 5 | 3.368.425 | 3.502.631 |
| Hagnaður ársins | | 2.505.978 | 5.536.792 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir | Skýr. | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|-------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 66.509.153 | 67.951.766 |
| Stofnfé í þekkingasetri Vm. | 7 | 300.000 | 300.000 |
| | | <u>66.809.153</u> | <u>68.251.766</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | | 2.987.150 | 2.674.150 |
| Handbært fé | | 74.062.153 | 67.167.545 |
| | | <u>77.049.303</u> | <u>69.841.695</u> |
| Eignir | | <u>143.858.456</u> | <u>138.093.461</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Stofnfé | 8 | 1.550.000 | 1.550.000 |
| Sérstakur endurmatsreikningur | | 35.000.000 | 35.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 97.024.455 | 94.518.477 |
| Eigið fé | | <u>133.574.455</u> | <u>131.068.477</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 6.968.777 | 3.079.010 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.315.224 | 3.945.974 |
| | | <u>10.284.001</u> | <u>7.024.984</u> |
| Skuldir | | <u>10.284.001</u> | <u>7.024.984</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>143.858.456</u> | <u>138.093.461</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|-------|-------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| (Rekstrartap), rekstrarhagnaður | | (862.447) | 2.034.161 |
| Afskriftir | | 1.442.613 | 1.442.613 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 580.166 | 3.476.774 |
| Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun) | | (313.000) | (2.179.150) |
| Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | | 3.259.017 | (12.809.575) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta | | 3.526.183 | (11.511.951) |
| Innborgaðir vextir og arður | | 3.368.425 | 3.506.696 |
| Greiddir vextir | | 0 | (4.065) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 6.894.608 | (8.009.320) |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár | | 6.894.608 | (8.009.320) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 67.167.545 | 75.176.865 |
| Handbært fé í lok árs | | 74.062.153 | 67.167.545 |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Viska er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um Sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Viska er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Ægisgötu 2, 900 Vestmannaeyjum .

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2025 | 2024 |
|--|------------|------------|
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 34.954.601 | 29.811.740 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 2,2 | 1,9 |

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2025 | 2024 |
|-------------------------------------|-----------|-----------|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 3.368.425 | 3.506.696 |
| | 3.368.425 | 3.506.696 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Dráttarvaxtagjöld | 0 | (4.065) |
| | 0 | (4.065) |

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir og lóðir | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|--|------------------------|--------------------------------|---------------------|
| Kostnaðarverð | | | |
| Staða í ársbyrjun | 74.285.630 | 2.687.980 | 76.973.610 |
| Staða í árslok | 74.285.630 | 2.687.980 | 76.973.610 |
| Afskriftir | | | |
| Staða í ársbyrjun | 6.582.661 | 2.439.183 | 9.021.844 |
| Afskrift ársins | 1.442.613 | 0 | 1.442.613 |
| Staða í árslok | 8.025.274 | 2.439.183 | 10.464.457 |
| Bókfært verð | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 67.702.969 | 248.797 | 67.951.766 |
| Bókfært verð í árslok | 66.260.356 | 248.797 | 66.509.153 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 20-30% | |
| Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig: | | Fasteignamat | Vátrygginga- mat |
| Strandvegur 50, 2 & 3 hæð | | 84.300.000 | 247.550.000 |

7. Fjárfestingarverðbréf

| | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|----------|--------------|
| Eignarhluta í öðrum félögum | | |
| þekkingarsetur Vestmannaeyja ses | 300.000 | 300.000 |
| Breyting eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinist þannig: | 2025 | 2024 |
| Staða í ársbyrjun | 300.000 | 300.000 |
| Staða í árslok | 300.000 | 300.000 |

8. Eigið fé

| Eigið fé greinist þannig: | Stofnfé | Endurmats- reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---------------------------|-----------|--------------------------|------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1.1.2025 | 1.550.000 | 35.000.000 | 94.518.477 | 131.068.477 |
| Hagnaður ársins | | | 2.505.978 | 2.505.978 |
| Eigið fé 31.12.2025 | 1.550.000 | 35.000.000 | 97.024.455 | 133.574.455 |

Skýringar

9. Leigusamningar

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um leigu á fasteignum og tækjum sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Samningsbundinn leigutími var frá 16. janúar 2018 til desember 2023 og var framlengdur um 5 ár í viðbót. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 10,7 milljónum króna á árinu (2024: 10,8 milljónir). Taflan hér að neðan sýnir greiningu á lágmarksleigugreiðslum samkvæmt samningum þar sem félagið eru leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|-------------------------------|-------------------|-------------------|
| Innan árs | 10.732.344 | 10.824.865 |
| Eftir ár en innan 3 ára | 42.929.376 | 43.299.460 |
| | <u>53.661.720</u> | <u>54.124.325</u> |

11. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. Undir handbært fé voru færðar eignir félagsins Starfsorku en á fundi félagsins var ákveðið að allar eignir félagsins Starfsorku verði færðar yfir til Visku við slit þess.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka. Eignir í fjármögnunarleigu eru færðar á meðal rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra og skuldbinding við leigusala er þá færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluþegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútspreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

| | 2025 | 2024 |
|--|-------------------|-------------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Fjárveiting á fjárlögum | 28.599.667 | 27.843.049 |
| FA v. vottaðra námsleiða, námsráðgjafar og raunfærnimats | 22.950.490 | 19.505.772 |
| Tekjur vegna námskeiða | 16.851.602 | 13.584.152 |
| Styrkur v/ íslenskukennslu f. útlendinga | 2.020.620 | 2.737.800 |
| Námskeið v. fjölmenntar, fjarnámsaðstaða og aðrar tekjur | 1.500.000 | 1.320.000 |
| Styrkir vegna námskeiða fyrir einstaklinga með fötlun | 1.500.000 | 1.500.000 |
| | <u>73.422.379</u> | <u>66.490.773</u> |
| Aðrar tekjur | | |
| Aðrar tekjur | 1.353.849 | 1.180.986 |
| Húsaleiga Strandvegur 50 | 7.292.454 | 6.351.487 |
| | <u>8.646.303</u> | <u>7.532.473</u> |
| Kostnaður vegna námskeiðshalds og ráðgjafar | | |
| Kennsla á námskeiðum | 14.188.789 | 11.179.010 |
| Annar kostnaður vegna námskeiða | 2.099.189 | 747.482 |
| Kaffistofukostnaður v/ námskeiða og fjarnáms | 1.090.609 | 809.395 |
| Prentun námsvísa og námsgögn vegna námskeiða | 636.460 | 671.794 |
| Auglýsingar | 611.387 | 327.630 |
| Ferða og upphaldskostnaður | 183.001 | 204.792 |
| Yfirseta | 0 | 759.400 |
| Kostnaður v/raunfærnimats og námsráðsgjaf | 797.400 | 750.576 |
| | <u>19.606.835</u> | <u>15.450.079</u> |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | | |
| Vinnulaun | 27.213.519 | 22.764.947 |
| Bifreiðastyrkir | 697.008 | 697.008 |
| Tryggingagjald | 2.000.637 | 1.679.548 |
| Lífeyrissjóður | 3.595.563 | 2.978.075 |
| Sjúkra- og orlofsheimilásjóður | 832.082 | 1.113.438 |
| Slysatryggingar starfsfólks | 56.662 | 26.506 |
| Námskeið og endurmenntun starfsmanna | 321.000 | 35.990 |
| Annar starfsmannakostnaður | 238.130 | 516.228 |
| | <u>34.954.601</u> | <u>29.811.740</u> |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | |
| Fæðis- og kaffikostnaður | 232.344 | 146.224 |
| Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta | 1.773.234 | 1.635.406 |
| Sími | 301.660 | 305.355 |
| Burðargjöld | 17.871 | 39.103 |
| Pappír, prentun og ritföng | 441.951 | 180.914 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 1.095.686 | 1.060.759 |
| Lögfræðiþjónusta | 0 | 755.160 |
| Þjónusta ÞSV og önnur sértæk þjónusta | 4.372.536 | 4.507.054 |
| Fundir og ráðstefnur | 39.298 | 88.570 |
| Vátryggingar lausafjármuna | 104.496 | 92.364 |
| Annar kostnaður | 0 | 18.435 |
| Skráningar-, leyfis og eftirlitsgjöld | 19.875 | 23.572 |
| Félagsgjöld | 577.000 | 564.300 |
| Þjónustugjöld | 404.352 | 374.644 |
| | <u>9.380.303</u> | <u>9.791.860</u> |

Sundurliðanir

Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|--|-------------------|-------------------|
| Húsaleiga, orka, ræsting oph. | 10.732.344 | 10.824.865 |
| Rafmagn og hiti Strandvegur 50 | 1.592.402 | 2.382.466 |
| Viðhald húsnæðis- Strandvegur 50 | 3.771.054 | 759.461 |
| Fasteignagjöld - Strandvegur 50 | 1.290.567 | 1.142.792 |
| Tæki og búnaður | 49.062 | 362.709 |
| Ferðakostnaður innanlands | 111.348 | 20.500 |
| | <u>17.546.777</u> | <u>15.492.793</u> |

Viðskiptakröfur

| | <u>31.12.2025</u> | <u>31.12.2024</u> |
|---------------------------------|-------------------|-------------------|
| Innlendar viðskiptakröfur | <u>2.987.150</u> | <u>2.674.150</u> |
| | <u>2.987.150</u> | <u>2.674.150</u> |

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | <u>31.12.2025</u> | <u>31.12.2024</u> |
|--|-------------------|-------------------|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | <u>74.062.153</u> | <u>67.167.545</u> |
| | <u>74.062.153</u> | <u>67.167.545</u> |

Viðskiptaskuldir

| | <u>31.12.2025</u> | <u>31.12.2024</u> |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Innlendar viðskiptaskuldir | <u>6.968.777</u> | <u>3.079.010</u> |
| | <u>6.968.777</u> | <u>3.079.010</u> |

Aðrar skammtímaskuldir

| | <u>31.12.2025</u> | <u>31.12.2024</u> |
|---|-------------------|-------------------|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 576.394 | 707.562 |
| Skuldbinding vegna fyrirframinnheimtar tekna vegna FA | 2.738.830 | 3.238.412 |
| | <u>3.315.224</u> | <u>3.945.974</u> |